

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Húsavík 22. janúar. 2015

Mættir 13.00: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Óli Halldórsson frá Norðurþingi, Böðvar Pétursson Skútustaðahrepp (seinkaði en kom inn í lið 2.), Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarfélaga og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð gestir fundarins voru Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi.

DAGSKRÁ:

1. Rekstraráætlun Norðursvæðis
2. Drög að framkvæmdaáætlun norðursvæðis
3. Mannvirki við Dettifoss myndakynning
4. Endurskoðun laga um Vatnajökulspjóðgarð (staðan)
5. Ný Örnefni við Holuhraun
6. Ársfundur svæðisráðs
7. Ástand í Holuhrauni
8. Fundir með sveitarstjórnnum

Böðvari seinkaði en Friðrika varaformaður setti fund, samþykkt að byrja á lið þrjú.

3. Mannvirki við Dettifoss, myndakynning

Þórður Ólafsson rakti forsögu framkvæmda við göngustíga og palla við Dettifoss. Síðan sýndi hann myndir með hönnun Landmótunar. Gerðar voru smávægilegar athugasemdir um lit á handriðum og breidd göngustíga. Einnig velti JKP upp hvernig ísing og snjór muni safnast á mannvirkin. Útboð og framkvæmd rædd. Fundarmenn almennt sammála um að þetta líti vel út og fela þjóðgarðsverði að koma þessum smávægilegu athugasemdum á framfæri við arkitektana.

2. Drög að framkvæmdaáætlun

Þórður kynnti og greindi frá forsögu byggingu snyrtihúss við Dettifoss að vestan, sem er stærsta einstaka framkvæmdin á Norðursvæði. Nú er verið að ganga frá leigusamningi við Vegagerðina um lóðina við bílastæðið. Þórður vonast til að framkvæmdir geti hafist á þessu ári. Starfsmannahús Dreka stendur nánast tilbúið á Akureyri og verður flutt þangað um leið og gos leyfir. Hjörleifur greindi frá öðrum smærri liðum, hvar þeir stæðu og hvers vegna væri ástæða til að koma þeim í verk á þessu ári.

1. Rekstraráætlun Norðursvæðis

Þórður gerði grein fyrir áætlun 2015. Fjárlög leyfi því miður enga aukningu á starfsemi. Óli kallaði sérstaklega eftir fjármagni í heilsársopnun á Gljúfrastofu og lagði eindregið til að heilsársopnun, alla daga, verði tekin upp á fyrri hluta ársins 2015. Enda væri það afar slæmt að þessi mikla fjárfesting „Gljúfrastofa“ stæði lítt notuð helminginn af árinu. Umræða um starfsmannfjölda, álag og opnanir og ákveðið að taka saman kostnað við heilsársopnun. Þjóðgarðsvörður ítrekaði að meira fjármagn þyrfti í starfsmannahald þar sem nú þegar væri álag á starfsmenn of mikið og ásýnd þjóðgarðsins ábótavant. Stella stakk upp á að Þjóðgarðurinn og Norðurþing skoðuðu samstarf um Vinnuskóla Norðurþings. Óli benti á að Vinnuálastofnun væri ekki hætt með sín átaksverkefni. Böðvar minntist á að upplýsingagjöf í Mývatnssveit væri nauðsynleg sem og annarstaðar í þjóðgarðinum og jaðri hans, en fjármagn skortir. Nokkrar umræður um tengsl reksturs og framkvæmda hjá ríkinu almennt og menn sammála að rekstur sé iðulega vanræktur eftir að vel hafi verið staðið að framkvæmdum, sbr. Gljúfrastofu.

4. Endurskoðun laga um Vatnajökulþjóðgarð (staðan)

Böðvar kynnti. Frumvarpið er stutt í ráðuneytinu. Óvíst hvort það komi til sveitarstjórna til kynningar áður en það fer fyrir Alþingi en Böðvar telur það væri í samræmi við lögin. Þyrfti að fara til Alþingis eigi seinna en í febrúar ef á að taka það fyrir á þessu þingi. Bent var á mikilvægi lagabreytinganna fyrir starfsemi þjóðgarðsins og þar með ástæðuna fyrir því að þetta dragist ekki frekar á langinn.

5. Ný örnefni við Holuhraun

Hjörleifur kynnti, og sagði að nú væri kominn tími til að festa örnefni á eldstöðvunum. Annars er hætt við að einhver nöfn festist á meðal þjóðarinnar. Þjóðgarðsvörður ýti þessu af stað við Menntamálaráðuneytið, sem hefur lögsögu í þessu máli.

6. Ársfundur svæðisráðs

Fundardagur ákveðinn mánudagur 9. mars. Fundur með sveitarstjórnarmönnum fyrir fund 14-16. Ársfundur frá 16-18. Þema: Gosið í Holuhrauni. Hjörleifur gerir uppkast að dagskrá.

7. Ástand Holuhrauni

Hanna Kata greindi frá aðstæðum.

8. Fundir með sveitarstjórnnum

Vísað í lið 6.

9. Önnur mál

a) Neyðarlínan hefur sett sig í samband við framkvæmdastjóra vegna lítillar rennslisvirkjunar við Svartá, samþykkt að benda þeim á að senda inn formlegt erindi.

Stella fór af fundi.

b) Arnardalsvirkjun, Hjörleifur vakti athygli svæðisráðs á að Orkustofnun hefði sent hugmynd um Arnardalsvirkjun inn til verkefnisstjórnar, en virkjunin fer inn í þjóðgarð í Krepputungu auk þess sem vatn verður tekið úr Jökulsá á Fjöllum.

Svæðisráð samþykkti eftirfarandi bókun um áform um Arnardalsvirkjun:

"Það má öllum vera ljóst að umræddir virkjanakostir myndu hafa veruleg áhrif á umhverfi norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og breyta meginforsendum sem legið hafa til grundvallar þjóðgarði á svæðinu til síðustu áratuga, þ.e. ósnertu rennsli Jökulsár á Fjöllum frá hálendi til sjávar um Jökulsárgljúfur að meðtöldum Dettifossi og öðrum náttúrufyrirbærum sem áin myndar. Þá myndi þetta **gera** að engu þá fullyrðingu að Dettifoss sé aflmesti foss í Evrópu ~~að engu~~. Svæðisráð telur þessar hugmyndir fráleitar."

c) Samstarf við félög og aðila. Rætt um samstarf við ferðafélög, landeigendur/ábúendur og aðra innan og í jaðri þjóðgarðs. Óli greindi frá þeirri almennu afstöðu sinni að við rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs ætti að vera meginstefna að eiga samstarf við þá aðila sem starfa innan þjóðgarðsins eða í jaðri hans, s.s. reka þjónustu og húsnæði fyrir þjóðgarðinn með félagasamtökum og/eða landeigendum/ábúendum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.